

## Yfirlýsing

Hafnarfjarðarbær og Landsnet hf. hafa í dag, 9. júlí 2015, gert með sér samkomulag um breytingar á flutningskerfi raforku í næsta nágrenni við íbúabyggð í Hafnarfirði. Samkomulagið var unnið í samráði við samtök íbúa á Völlum í Hafnarfirði og með aðkomu álversins í Straumsvík.

Í samráðsferlinu hafa allir aðilar lagt sig fram um að ná ásættanlegri niðurstöðu sem nú liggur fyrir. Í framhaldinu verður komið á samráðsvettvangi með Hafnarfjarðabæ, Samtökum íbúa á Völlum, Landsneti og mögulega fleiri hagsmunaaðilum sem mun starfa á meðan framkvæmdir standa yfir.

Samkomulagið miðast við að fyrir árslok 2018 verði lokið byggingu nýrrar háspennulínu frá Sandskeiði og niðurrifi eldri lína frá Geithálsi að Hamranesi, auk færslu háspennulína að álveri í Straumsvík. Jafnframt verður þegar á árinu 2015 ráðist í aðgerðir til að bæta hljóðvist og ásýnd tengivirkisins í Hamranesi í samræmi við tillögur Landsnets sem kynntar hafa verið á fundi með íbúum hverfisins.

Hafnarfirði, 9. júlí 2015.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Landsnets

F.h. Samtaka íbúa á Völlum